

Ed.

608. Frumvarp til laga

[110. mál]

um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu um byggðir á Vestfjörðum.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 60 millj. króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 20 millj. króna, þó eigi meira en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunina og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna, og ríkissjóður hafi auk þess tryggt sér vatnsréttindin í Dynjandísá.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þess orkuvers og þeirrar orkuveitu, sem ræðir um í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.